

SAMÞYKKTIR

fyrir Veðifélag Hornafjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Hornafjarðar. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns félagsins.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að á eða stöðuvatni sem liggur að Hornafjarðar-ósi, en þær eru: Hafnarnes 1, Hafnarnes 2, Horn 1, Horn 2, Dynjandi, Þinganes, Grænahraun, Sauðanes, Hagi, Dilksnes, Hjarðarnes, Ártún, Hólar, Dýhóll, Seljavellir, Akurnes, Árnanes 1, Árnanes 2, Árnanes 3, Árnanes 4, Borgir, Meðalfell 1, Meðalfell 2, Fornustekkar, Austurhóll, Brekkubær, Grund, Bjarnanes 1, Bjarnanes 2, Miðsker, Ás, Stapi, Stapi, Stóralág, Lindarbakki, Krossbær, Setberg 1, Setberg 2, Setberg 3, Hoffell 1, Hoffell 2, Miðfell, Svínafell, Flatey 1, Flatey 2, Holtasel, Tjörn, Kyljarholt, Hólabrekka, Holtahólar, Stóraból, Stóraból, Einholt, Borg, Nípugarðar, Bakki, Hólmur, Hólmur, Brunnhóll, Árbær, Lambleksstaðir, Viðborðssel, Viðborðssel, Viðborð, Rauðaberg 1, Rauðaberg 2 og Hlíðarberg.

Atkvæðisrétt hafa eingöngu jarðir, sem metnar voru til verðs í fasteignamati sem var í gildi við gildistöku laxveiðilaganna 25. júní 1970.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

Innan félagsins starfa tvær deildir sem fara með veiðimál hver á sínu veiðisvæði. Deildirnar eru:

- Laxárdeild Veðifélags Hornafjarðar.
- Hoffellsárdeild Veðifélags Hornafjarðar.

Deildirnar hafa sjálfstæða stjórn en lúta samþykktum Veðifélags Hornafjarðar.

Deildirnar annast nauðsynlega ræktun og viðhalda góðri fiskgengd, svo og útleigu á veiði á sínu veiðisvæði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda ekki síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.